

9. september 2019

## FRÉTTATILKYNNING

Í reglubundnu eftirliti með Salmonellu í kjúklingaslátrun kom upp grunur um að Salmonella hafi greinst í tveimur kjúklingahópum Reykjagarðs.

Um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmerunum 003-19-31-201 og 001-19-31-302 seldar undir vörumerki Holta, Kjörfugl og Krónan.

Dreifing á afurðum hefur verið stöðvuð og hefur Reykjagarður nú þegar hafið innköllun afurða.

Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þessu rekjanleikanúmeri eru beðnir að skila inn vörinni í viðkomandi verslun eða beint til Reykjagarðs Fosshálsi 1. 110 Reykjavík

Tekið skal fram að ef áprentuðum leiðbeiningum á umbúðum er fylgt er þessi kjúklingur hættulaus fyrir neytendur, passa þarf að blóðvökvi komist ekki í aðra matvöru og steikja vel í gegn.

Ekki liggur fyrir grunur um að aðrar afurðir hjá Reykjagarði séu mengaðar af Salmonellu.

Kontaktaðili hjá Reykjagarði fyrir fjölmiðla er:  
Magnús Huldar Ingþórsson  
framleiðslustjóri sími 575 6440

